

TDK Foil Iceland ehf.
Krossanesi 4
603 Akureyri

Reykjavík, 29. apríl 2020
UST201901-128/H.R.A.
08.07.02

Efni: Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 7. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávika er fram komu í eftirliti í álpynnuverksmiðju TDK Foil Iceland í Krossanesi við Akureyri, þann 29. október 2019. Frestur var veittur til 29. janúar sl. til að skila inn áætluninni.


Frávikan voru eftirfarandi:

1. **Gr. 3.1 í starfsleyfi.** Framkvæma skal mælingar á heildarlosun í frárennsli ársfjórðungslega en mælingar voru gerðar í febrúar og júlí. Mælingar sem framkvæma átti á 2. ársfjórðungi 2019 töfðust fram á 3. ársfjórðung og þriðja mælingin sem hefði átt að framkvæma fyrir lok september, hafði ekki farið fram þegar eftirlitið fór fram. **Rekstraraðili hefur skilað inn til stofnunarinnar niðurstöðum þeim frárennslismælinga sem upp á vantaði fyrir 2019.**
2. **Gr. 2. 14 í starfsleyfi.** Í eftirlitinu var staðfest að framleiðsla hefur aukist og breytingar orðið á skipulagi innan fyrirtækisins frá síðustu REACH skráningu sem kollar á uppfærða skráningu/skýrslugjöf til Efnastofnunar Evrópu. **Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur vinna við úrbætur fráviks þegar hafist af hálfu rekstraraðila sem býður nú svara frá Efnastofnun Evrópu.**


Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikunum lokið. Mælingar og framgangur úrbóta við Reach skráningar verða skoðaðar í næsta eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfullst



Halla Einarsdóttir
Sérfræðingur



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra